

Skógarvörðurinn á Norðurlandi,

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1947.

Einar G. E. Sæmundsen.

Starfsskýrsla skógarvatðarins á Norðurlandi fyrir árið 1947.

Skógarhögg.

Á árinu var höggvið:

	Eldiv. kg.	Efniv. fet	Renglur stk.	Staurar stk.	Viðarm. alls hestburðir
Vaglaskógur	31.740	6.557	1.290	620	448
Þórðarst.sk.	15.000	860	350	150	170
Stórhöfði	1.000				10
Sigríðarst.sk.	1.000				10
	48.740	7.417	1.640	770	638

Í Vaglaskógi voru grisjaðir um vorið þrjú ha. lands undir gróðursetningu skógarfuru. Voru tvö svæðanna norðan við Stefánsbraut sitt hvaru megin Efribrautar. Var grisjun þessi allfrábrugðin venjulegri grisjun þar sem rýma þurfti til fyrir fyrirhúni, enda féllu þar allt að 10 tonn viðar á ha., en það er a. m. k. tvisvar til þrisvar sinnum meira viðarfall en við venjulega grisjun í góðum skógi. Þriðja svæðið var ofan Stórahvamms sunnan brautar að Klettlæk.

Um haustið var grisjað svæði sunnan Eyrarflatarlækjar ofan gamla vegarins niður að Fnjóská. Svæði þetta er ætlað til gróðursetningar skógarfuru á vori komanda. Þá var grisjað lítið svæði ofan Selbrautar.

Í Góðulág og utan hennar var höggvið frá skógarfurunum, sem gróðursettar voru á árunum 1942 - 1943. Ennfremur var grisjað svæðið sunnan Góðulágar og að græðireits girðingunni nýju.

Í Þórðarstaðaskógi var grisjað við Snjóflóðsgil í framhaldi af grisjun fyrra árs. Voru þar höggvir um 120 hestb. til kolagerðar. Í Svonefndri Amtmannsklauf var grisjaður um 1 ha. skógar vegna gróðursetningar skógarfuru með sömu aðferð sem lýst er í Vaglaskógi. Þar féllu ca. 5 tonn pr. ha.

Í Stórhöfða og Sigríðarstaðaskógi var höggvið lítillega til eldiviðar.

Kolagerð:

Gert var til Kola í Þórðarstaðaskógi. Var lagt átta sinnum í ofninn og fengust alls um 1627 kg. viðarkol. Er þetta nokkru betri árangur en síðustu ár, enda var nú eingöngu notaður þurr viður og ofninn látinn hraðbrenna á 10 - 14 klst. í stað 20 - 24 stunda áður.

Girðingar:

Sett var upp girðing um græðireit 388 m og lokið við girðingu um Lunds- og Þórðarstaðaskóga 6.040 m.

Girðingin um græðireitinn er mjög rammger 6 til 7 þættir gaddavír. Á henni eru tvö steipt og vönduð hlið, auk þess stigi yfir hana á einum stað.

Girðingin á brúnum Belgsárfjalls og Þórðarstaða er 6 þætt gaddavírsgirðing með járnstaurum (9 m. millibil og því tvær birkirenglur eða galv. járnstittir). Kostnaðurinn við uppsetningu þessara girðinga var kr. 6660.00 eða sem svarar kr. 1110.00 á kværn km. og er þar þó innifalið nokkuð af flutningi efnis og að sjálfsögðu allur verkamannaflutningur að og frá vinnustað. Þarna var notuð ný aðferð við að velta úr vírnum. Var rakið úr gaddavírsköflunum þannig, að þrjár rúllur voru settar á ás hlið við hlið. Var ásnum síðan komið fyrir aftast á palli vörubifreiðar þannig, að keflin voru öll á lofti. Vírendi úr hverju kefli var síðan festur við hornstaur eða járnkarl og bílnum síðan ekið meðfram línunni (staurubum.). Var þannig lokið við að rekja alla streina í tveim umferðum (fram og tilbaka). Tókst þetta mjög vel þar sem slétt var undir en á mishæðóttu landi vildi vírinn hlaupa í snurður. Verkinu við þessa girðingu var lokið á lo dögum. Þó er eftir að setja upp girðinguna á stuttum kafla framan í brún Háafells, var því frestað sökum þess að komið var fram undir fyrstu snjóa og vitanlegt að girðingin mundi verða þær fyrir skemmdum ef snjóalög yrðu mikil. Ennfremur vannst ekki tími til að ljúka við undirhleðslu á kafla í syðri hluta girðingarinnar vegna snjóa. Hvortveggja mun þó eigi vera meira en um 5 - 6 dagsverk.

Viðhald girðinga:

Veturinn 1947 var mjög snjóþungur eftir að kom fram í febrúar, og leysti snjóa ekki fyrr en í maílok. Girðingar skemmdust líka mikið og náðu slíkar skemmdir jafnt til nýrra girðinga sem eldri. Viðhald varð því mjög mikið á þessu vori svo að um lo ára skeið hefir það eigi orðið meira á einu ári. Sá hluti girðingarinnar um Þórðarstaða- Lunds- og Belgsárskóga sem girtur var 1946 fór mjög illa og þó einkum sá kaflinn sem var ofan skógar. Þverkubbuðust þar allir strengirnir á nokkrum stöðum en á fjallinu sltinuðu þeir víða ofan af staurum. Hálsmelagirðingin fór öll í kaf sunna Þjóðvegur og þurfti mikillar lagfæringar við. Girðingin um Stórhöfða og Melaskóg var lagfærð, en hún er nú mjög farin að láta ásjá. Var bætt í hana um 50 járnstaurum. Ókleift reyndist að gera nokkuð við girðinguna um Skuggabjargaskóg, þar sem skurðurnar féll haustið 1946, og er hún öll opin að sunnan og að nokkru að ofan líka.

Í sambandi við viðhald girðinganna vil ég þaka það fram, að mjög nú aðkallandi að endurnýja eldri girðingarnar. Í girðingunni um Vagla-skóg er ennþá allmikið af tré staurum og steinsteiptum staurum, sem þyrfti að skifta um og setja í þeirra stað járnstaura. Steinsteiptu staurarnir hafa reynzt illa þar sem snjóa leggur að ráði, þeir eru alltof efnismiklir oganjarðar og vilja sliga girðinguna ef þeir færast eitthvað úr rétttri stöðu. Tréstaurnir (flestir um lo ára birki-staurar) eru nú mjög teknir að fúna sem eðlilegt er.

Girðingin um Stórhöfða og Melaskóg er nú orðin mjög léleg þó hún sé aðeins 7 ára gömul. Efni það sem notað var í hana var sumpart gamalt og allt mjög lélegt. Virinn og grannur og staurarnir úr rekavið og illa farnir þar sem þeir höfðu verið reknir sinni í jöfðu áður (á Kaldadal). Er því óumflýjanlegt að endurbæta hana svo um munar á næstu árum. Sérstaklega staurana. Í því sambandi teldi ég rétt að girðingunni yrði breytt þannig, að þá yrði girt upp á fjall við Náttmálagil og þaðan vestur og norður á Gæsadalsbrún og niður með Gæsagili í Fnjóská. Yrði þar notast við norðurgafli ytri girðingarinnar (um Skuggabjargaskóg). Sú leið, sem girða þyrfti upp áð nýju er 2- 3 km. Innan þessarar girðingar yrði þá allt land skógræktarinnar á þessum slóðum, (Skuggaabjargland, Þverár- Stórhöfði og Melaland), sem áður var í tveim girðingum og þó mikill hluti Skuggabjarga ógirtur. Þessi leið var athyggð og mæld árið 1941 og hefði þá verið farin ef um betra og heppilegra girðingarefni hefði verið að ræða. Nú mætti e. t. v. koma við bílflutningi á efni upp á fjallið frá Grímsgerði.

Í Hálsmelagírdingu var steipt myndarlegt hlið tvöfalt þar sem Efribraut beygir af þjóðveginum suður í Vaglaskóg. Er gert ráð fyrir veggring í annað þeirra og bráðliggur á því að fá hana á þessu vori.

V e g a g e r ð:

Vegum var haldið við eftir föngum, en mjög skortir énn á að hægt sé að koma vegakerfi Vaglaskógar í viðunandi horf. Veginum heim í Vagli var breytt þannig að nú er ekið áfram neðan græðireits suður á hólinn utan við Síamannahús, en þaðan upp melinn og komið aftur á gamla veginn neðan við Bróttubrekku.

G r æ ð i r e i t u r:

Vorið 1947 var afhent úr reitnum:

A - plöntur	birki 2/2	59.528 stk.	
	birki 3/0	9.900 -	
	Birki 2/0	<u>10.000 -</u>	78.428 stk.
	reynir 2/2		630 -
	gulvíður 0/1 og 0/2		1.681 -
	Sitkagreni (frá Múlakoti)		450 -
	sólber		29 -
	ribs		34 -
	skógarfura (frá Noregi)		1.000 -
	skrautrunnar (danskir)		12 -
B - græðlingar gulvíðis			32.020 stk.

Sáð var:

Birki	Bæjarstaður	183 m2		
Birki	Vaglaskógur	24 -		
Birki	Vaglaskógur (hengibjörk)	2 -		
Birki	Norskt (betula verrucosa)	11 -	220 m2	25.000
Lerki	Grund, Gróðrast. Ak., Vagllir,	12.5		
Lerki	Rússneskt	5.0	17.5-	0.150
Skógarfura	Málselv, Noregi.	15.0		0.750
Skógarfura	Dalsjöberget, Storsjö 700-799 Svíþj.	6.5	21.5	0.600
Sitkagreni	Pigot Bay, Alsaka.		42.0	4.000
Reynir	Skriðustofn, Ak.		40.0	
			<u>Samtals</u>	<u>341.0 m2</u>

Dreifsett var:

A - plöntur:	Birki	2/0	75.000 stk.	
	Reynir	2/2	3.000 -	(norskur)
B - græðlóngar:				
	Ribs		500 -	
	Gulvíðir		8.800 -	

Vinna hófst seint í græðireitnum á þessu vori enda óvenjulega mikill snjór í skóginum og tók hann ekki upp úr reitnum fyrr en eftir miðjan maí. Dreifsetningin heppnaðeist mjög vel og fræð spíraði ágætlega (nema sænska furan og íslenska lerkið). Geta má þess þó að það er í fyrsta sinn sem lerki fræ af íslenskum stofni hefir spírað hér á Vöglum og sennilega á öllu landinu.

Eins og tekið er fram í kaflanum um girðingar var reiturinn nú girtur allur vandaðri gaddavirsgirðingu og veginum að Vöglum breytt þannig að hann liggur nú ekki um reitinn. Ýmislegt fleira var unnið til lagfæringar í reitnum t. d. þaktir stallar, dyttaða að skúrnum, hann málaður og reist flaggstöng. Stækun var enn látinn sitja á hakanum, aðallega vegna þess að ýta fékkst ekki í tæka tíð, en gengið var frá mælingum á 1200 m2 reit neðst á svæðinu.

Söluplöntur skemmdust ekkert, né heldur 2 ára birki þar sem allt nú varið undir neti fyrir rjúpunni. Í haust var mikill hörgull á bindingsvæð sem notaður hefir verið til að halda uppi virnetinu, var því í hans stað notaður einagraður símavír (Bretasími) en hann virðist ekki hafa nóg burðarþol og má því búast við skakkaföllum af þeim sökum.

Í haust voru teknar upp um 105 þús. birkiplöntur 4 ára, þær flokkaðar og búið um þær sumpart í kössum til geymslu eða slegið niður til vorsins. Í neðsta reitinn var borinn húsdýraáburður og hann unninn fyrir vorvinnu. Alls voru keypt að 40 - 50 tonn af húsdýraáburði. Tilbúinn áburður var einnig keyptur í reitinn og var hann ýmist látinn í skiptum fyrir taðið eða borinn á sem aukaskammtur.

B i f r e i ð a r:

Jeppabifreiðin A -659, sem keypt var vorið 1947, var notuð til ferðalaga og léttari flutninga.

F e r ð a l ö g:

Framan af ári dvaldist ég í Reykjavík og starfaði í skrifstofu skógræktarsjóra.

Í janúarlök fór ég með skógræktarstjóra til Akureyrar á aðalfund Skógræktarfélagss Eyfirðinga.

17. maí fór ég frá Reykjavík áleiðis norður í land kom m. a. við hjá Sigurði Jónassyni í Varmahlíð.

21. maí fór ég til Akureyrar athugaði með Ármanni Dalmannssyni Skógræktarfélagss Eyfirðinga í Kjarnalandi.

30. maí fór ég ofan í Höfðahverfi valdi land undir tvær skógræktarfélagsgirðingar (Grenivík og Grund) og leiðbeindi um gróðursetningu.

31. maí leiðbeindi ég við gróðursetningu að Landamóti í Köldukinn, en þar var skógræktardagur sveitarinnar að þessu sinni.

1. júní fór ég með Sigurði O. Björnssyni prentsmáðjueiganda suður í Selland og leiðbeindi við gróðursetningu þar.

4. júní fór ég austur í Aðaldal til leiðbeiningar við gróðursetningu skógræktarfélagssins að Brúum við Laxárfossa.

12. júní leiðbeindi ég við gróðursetningu að Hriflu, 19. júní að Skarði og svo aftur að Sellandi 23. júní.

23. júlí fór ég til Reykjavíkur að ræða við skógræktarstjóra (vegfróðunar fjárhagsáætlunar næsta ár o. fl.).

10. ágúst sat ég aðalfund Skógræktarfélagss S.-Þingeyinga að Laugum og fór þaðan með skógræktarstjóra austur að Hallormsstað. Dvöldum við þar í þrjú daga og komum við á Eiðum og í Ásbyrgi í heimleiðinni.

28. september fór ég að Jódísarstöðum í Skriðuhverfi og athugaði land jarðarinnar, sem hallar að Skjálfandafljóti (norðan Vaðs). Þar eru nokkrar birkileifar, sem fljótt mundu koma til ef þar nýtu friðunar. Bóndinn á Jódísarstöðum, Njáll Friðbjörnsson, hefir mikinn áhuga fyrir að fá land þetta friðað og hyggst þá að gróðursetja þar barrviði. Lengd girðingar yrði um 300 m.

Að sjálfsögðu fór ég svo fjölmargar ferðir til Akureyrar vegna viðskipta, plöntuflutninga o. s. frv. Og ótaldar eru allar eftirlitsferðir um skóglendi skógræktarinnar og leiðbeiningarstarf hér í Fnjóskadal. Alls var ég í 96 daga að heiman í ferðalögum.

G r ó ð u r s e t n i n g b a r r v i ð a:

Hinn 6. júní komu til Vagla með bíl frá Reykjavík 41 þúsund skógarfuruplöntur frá Noregi. Höfðu þær verið lengi á leiðinni og ræturnar orðnar mjög þurrar. Voru þær teknar samstundis upp úr kössunum og þeim slegið niður í skugga. Var síðan hafist handa um gróðursetningu þeirra og henni lokið um 20. júní.

Skógarfuran var öll frá Rognan Planteskole en fræuppruni sem hér segir:

frá Elvegárd	19	þús.	3/0
frá Tysfjörð	13	-	3/0
frá -	2	-	4/0
frá Kongsbekk	7	-	4/0

Eldri plönturnar voru verr farhar og dauðalegri vegna þurrksins, en hinar þriggja ára voru mjög smávaxnar.

Skógarfuran fór á eftirtalda staði:

í Vaglaskóg	28.100 stk.
í Þórðarstaðaskóg (Elvegárd 3/0)	6.000 -
í skógræktargirðingu Ásbyrgi	2.200 -
í skógræktargirðingu Ytra Fjalli og í Aðaldal	500 -
í Selland í Fnjóskadal,	1.000 -
í skógræktargirðingunni í Vztafelli	1.000 -
til einstaklinga	2.200 -
	<hr/>
Samtals	41.000 stk.

Í Vaglaskógi var skógarfuran gróðursett á fjórum stöðum, sem hér segir:

- 1 ha. ofan Lfribrautar norðan við Stefánsbraut,
 - 1 ha. neðan - - - - -
 - 1 ha. ofan Stórahvamms sunnan vegar að Klettlæk,
 - 1/2 - norðan Stekkjarlækjar ofan vegar, þar voru enn fremur gróðursett 150 sitkagreni sem gengu úr söluplöntum frá Múlakoti.
- Í Þórðarstaðaskógi var gróðursett í tæpan ha. í Amtmannsklauf. Vanhöfð urðu vonum minni en vöxtur að sjálfsögðu lítill sem enginn á þessu sumri.

Y m i s l e g t:

Skógurinn var orðinn allaufgaður 5. júní. Vöxtur hans varð sámi-
legur en hefði þó getað orðið enn betri ef þrálát suðvestan stórviðri
í júlí lok og ágúst byrjun hefðu ekki dregið úr. Sló þyrkingssvið á
blöð af þurrki og barningi. Skógarmaðks varð lítilsháttar vart í miðj-
um ágúst og var sá nær eingöngu svartur að lit og heldur smærri en sá
venjulegi birkimaður. Fráspretta var með minna móti. Skógurinn byrjaði
að fella blöðin um 10. september og var orðinn lauflaus að kalla um 25.
s. m.

Eins og afhendingarskrá ber með sér, var afhent úr græðireit
allmikið af þriggja ára birki plöntum (úr sáðbeði) til gróðursetningar
á víða vangi, í girðingar hingað og þangað á Þingeyjar og Eyjafjarðar-
sýslu. Plöntur af sama aldursflokki sem gróðursett var 1945 og 46
hafa dafnað allstaðar vel, þar sem ég hafði spurnir af þeim. Er því
komin allgóð reynsla fyrir þessari aðferð.

Sáð var grasfræi og birkifræi saman í um 1.5 ha. lands á Háls-
melum með sömu aðferð og í fyrra. Tókst það ágætlega. Birkifræið spír-
aði nokkuð, en vegna þurrkanna í sumar mun það hafa skrælnað allmikið
og ekki náð sér aftur fyrir haustið. En grasið óx enn betur en í fyrra
og var samfelldan gróður að sjá í spildu þessari í haust.

Á spilduna frá fyrra ári var borinn tilbúinn áburður strax í vor
og tók hún vel við sér.

Í Vaglaskógi ~~va~~ (Stórarjóðri) voru haldnar tvær skemmtanir á
sl. sumri. Önnur á vegum Ungmennasambands S.- Þingeyinga en hina hélt
karlakórinn Geysir á Akureyri. Fyrir báðar var greidd staðarleiga eins
og venja hefir verið undanfarin ár.

Dagana 30 - 31 ágúst var haldinn aðalfundur Skógræktarfélags Íslands að Brúarlundi. Yfir 40 fulltrúar sátu fundinn og skoðuðu þeir skóginn og gróðrarstöðina og fóru um dalinn.

Hótel var starfrækt í Brúarlundi af sama manni og í fyrra Ragnari Jónssyni, Reykjavík. Var reglusemi og umgengni öll í bezta lagi eins og áður.

Reykjavík 25/4 1947.

'8>

Einar G. E. Sæmundsen.